

Stjórnarfundur samtakanna Landsbyggðin lífi 14. ágúst 2025 kl. 20:40 – í gegnum netið

Mættir: Hildur Þórðardóttir, Stefanía Gísladóttir, Vigfús Ingvar Ingvarsson, Sigríður B. Svavarsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Hafrún Káradóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Aðalfundur og málþing laugardaginn 4. október í Grindavík. Þurfum að ákveða nákvæmlega heitið á málþinginu og fá fyrirlesara. Húsnæði er frátekið fyrir fundinn – með fyrirvara um gos. Auglýsa þarf tímanlega. Hvað með heiti málþingsins og efni þess? Þarf það ekki aðeins að tengjast Grindavík? Þemað seigla, viðnámsþróttur – hvernig verði byggt upp – þarf að vera með? Áhætta og þrautseigja samfélags (vinnuheiti). Gæti Veðurstofan verið okkur innan handar með erindi? Samtal milli vísindafólks og almennings. Veðurstofan um áhættu á svæðinu og hvernig hún er metin. Hildi var falið að senda bréf á Veðurstofuna og hafa samband við Örn sem tók á móti sænsku konunum síðasta vetur og Stefaníu falið að hafa samband við Járngerði og bæjarfélagið.

Aðalfundur hefur oft verið um kl. 09-12 matur 12-13:30 þá málþingið.

Vigfús nefnir mikilvægi samráðs við heimafólk um málþingið – því vel tekið – fá heimamenn líka til að tala. Verður haft sambandi við fólk hjá Járngerði og sveitarfélagi.

Það þarf að fara að finna fólk í stjórn, Sigríður og Ómar að hætta. Anna Sigríður og Kristín Þormar nefndar. Svo fer stúlka með okkar til Skotlands – Árný Helga Birkisdóttir. Sigurbjörg Pálsdóttir hefur lengi fylgst með starfi LBL.

2. Skýrsla um húsnæðismál á landsbyggðinni: EU public consultation for the European Affordable Housing Plan – Viðbrögð fyrir 17. október 2025. Okkur boðið að senda skýrslu. Þurfum að skoða þetta nánar.

Svör frá gervigreind og Grétu Bergrúnu. Fá fleiri atriði frá stjórnarmönnum og varastjórn. Stefaníu var falið að taka saman punkta um húsnæðismálin á Landsbyggðinni til að senda til annarra félaga í LBL til umsagnar.

3. Þátttaka í verkefni með Jeff á Spáni. New opportunities. Alls konar verkefni í boði.

Youth policies and participation within rural areas; Traditional crafts and intergenerational transmission; Plans for health and wellbeing; Outdoor education; Music as a tool for care and welfare of older people, as well as exploring music heritage and the circulation of ideas between territories; Archaeology and heritage within rural areas; Community engagement and related opportunities.

Við höfum reynslu af að vinna með þessum manni. Þetta var samþykkt.

4. Staða verkefna: Lady Leader – þrjár konur koma til Íslands eftir aðalfund okkar í október og verða þá vikuna. Vinnudagur þriðjudaginn 7. október og þeir sem vilja vera með eru velkomnir. Þarf að finna stað – Sigríður bendir á sal í Kastalakaffi – 500 kr. á mann kl. 10 – innst til hægri. Líklega um 8 manns á fundinum. Þarf að undirbúa vinnustofur í Lettlandi. Við umsjónar- eða ábyrgðaraðilar verkefnisins.

5. Coming, Staying, Living (finnska verkefnið) - mikilvægt að hitta samstarfsaðila okkar, Menntaskólan á Ísafirði, Reykhólahrepp og á Flúðum. Hverjir vilja fara með Stefaníu á þessa fundi? Skoða betur spurningar sem verða notaðar.

6. Vefmálstofa Íslands í finnska verkefninu í janúar (15/1?). Þurfum að fara að ákveða fyrirlesara og efni. Hugmynd um: Íbúðaverð, rafmagn til heimila og smærri fyrirtækja. Við þurfum samráð við erlenda samstarfsaðila um umræðuefnið. Samband verður haft við innlendu samstarfsaðilana.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið um kl. 22:00.

Fundargerð ritaði Vigfús Ingvar Ingvarsson.